# GRUNNMYND KJALLARA (Reyndarteikning og nýbyggingar)




BYGGINGALÝSING
VERKSMIÐJUHÚS:

Húsið er byggt sem bílageymsla,verksmiðju og lagerhúsnæði. Kjallari er staðsteyptur með steyptri botnplötu. Gólfplata 1.hæðar er úr forsteyptum holplötum með ásteypulagi.
1. hæð er stálgrindarhús með Z-leiðurum og steinullar-yleiningum í veggjum og þaki.
Í Kjallara er bílageymsla með aðkomu um ramp frá Brekkutröð.
Á fyrstu hæð fer fram framleiðsla á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg ásamt lager fyrir málm og plast, einnig er aðstaða fyrir verkstjóra og snyrting fyrir starfsmenn.

BYGGINGAR OG EFNISLÝSING:

Botnplata:
Botnplata er járnbent steinsteypa á fyllingu og vélslípuð. Einangrun er 70mm steinull.

Gólf 1. hæðar:
Gólfplataplata 1. hæðar er úr forsteyptum holplötum með ásteypulagi.

Útveggir kjallara:
Útveggir eru járnbent steinsteypa einangraðir með 100mm steinull og pússaðir.

Burðarvirki 1.hæðar:
Berandi stálgrind með stálklæddum steinullar-yleiningum í flokki 1 sem festar eru á Z-leiðara.
Einangrun veggja er 60mm PIR U gildi 0,84 W/ að undanskyldum gaflvegg á lóðarmörkum.
Útveggur að Eyrartröð 6 er með 120mm einangrun og nái 30cm uppfyrir þak.

Burðarvirki þaks:
Berandi stálgrind með stálklæddum yleiningum í flokki 1 sem festar eru á Z-leiðara.
Einangrun er 80mm PIR U gildi 0,19 W/m²K

Innveggir:
Innveggir eru úr stálstoðum, fylltir steinullareinangrun og klæddir tvöföldu gipsi beggja vegna. Verksmiðjumegin eru veggir klæddir stálplötum. Allar klæðningar eru í flokki 1.

STARFSMANNAHÚS:

Húsið er byggt sem starfsmannahús.
Í kjallara eru inngangur, stigahús, búningsklefar, sturtur, salerni og þvotta-aðstaða. Í aðskyldu rými er sýrugeymsla.
*1. hæð er tengigangur við eldra hús, stigahús,eldhús og matsalur fyrir allt að 38 manns.*
2. hæð er stigahús, kennslustofa/fundarherbergi og snyrtingar.

Gólfplötur:
Botnplata er járnbent steinsteypa staðsteypt á fyllingu. Einangrun er 100mm steinull.
Gólfplötur 1. og 2. hæðar eru járnbent steinsteypa með ílögn.
Þakplötur eru járnbent steinsteypa með vatnshalla og glattaðri áferð.
Ofan á þakplötur kemur ásoðinn dúkur, 180mm rakaþolin einangrun, jarðvegdúkur, sandlag og hellulögn.

Veggir:
Útveggir eru járnbent steinsteypa með 100mm einangrun og múrhúðaðir að utan og innanverðu.
Milliveggir eru járnbent steinsteypa í burðarveggjum, hlaðnir gjallveggir í votrýmum og grindarveggir með tvöföldu gifsi.

ALMENNT:

Gluggar:
Gluggar eru af gerðinni tré-ál með tvöföldu einangrunargleri.

Hurðir:
Allar útihurðir (gönguhurðir) eru úr málmi.
Vörumóttökuhurðir eru vandaðar rafdrifnar iðnaðarhurðir úr stáli með polyurethan *einangrunarkjarna.*

Stigar:
Stigar eru úr staðsteyptir með léttum handriðum úr stáli.

Upphitun:
Húsið er hitað upp með ofnum gólfhita og hitablásurum.

Loftræsing:
Öll gluggalaus rými eru loftræst með vélrænni loftræsingu.
Loftinnblástur lokast við reykboð frá loftinntaki.

Flóttaleiðir eru skv. teikningum.

Brunaviðvörunarkerfi:
Sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu í samræmi við ÍST EN 54
Handboðar eru við útganga og reykskynjarar á völdum stöðum. Stjórntafla kerfis er í anddyri starfsmannainngangs. Kerfi verði tengt stjórnstöð.

ÚT-ljós og neyðarlýsing:
Út ljós og neyðarlýsing er skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172

Handslökkvibúnaður:
Í húsinu eru brunaslöngur sem ná út í öll horn. Handslökkvitæki staðsett nálægt slöngukeflum í samráði við slökkvilið.

Reyklosun:
Í Stálgrindarhúsi eru reyklúgur í þaki með 16m² nettó opnun.
þ.e en 2.9% af grunnfleti

Sorpi er komið fyrir samkvæmt teikningu og tilfallandi í gámum á lóð.

Samþykkt þann 09 SEP 2015
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

## Eyrartröð 4
**Hafnarfirði**

Staðgreinir: 1400-1-20400040
Landnúmer: 120334

## Skýringar:

| | |
|---|---|
| BO | Björgunarop |
| GN | Gólfniðurfall |
| LR | Loftræsting |
| ST | Slökkviteppi |
| SL | Slökkvitæki |
| TS | Tengiskápur |
| VS | Vatnssalerni |
| Þu | Þurrkari |
| Þv | Þvottavél |
| EI-CS60 | Brunahólfandi hurð |
| EI30-CS | Eldtefjandi hurð |
| EI60 | Brunahólfandi veggur |
| REI60 | Brunahólfandi veggur eða hæðarskil |
| REI90 | Eldvarnarveggur eða hæðarskil |
| R90 | Brunamótstaða í veggjum og stálvirki |
| R30 | Brunamótstaða í veggjum og stálvirki |
| R | Reykskynjari |
| ÚT | Útg.leið |
| ÚT | Útg.leið. m. ljósi |
| | Brunaslanga |
| | Aðgengi fatlaðra |
| | Sn.svæði fyrir hjólastól |
| GK 26,10 | Táknar hæð á gólfi |
| G | Táknar hæð á gangstétt |
| L | Táknar núverandi landhæð |

Yfirfarið af brunahönnuði VSI

08.09.2015 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

| BREYTING: | DAGS: |
|---|---|
| | |

VERK: Eyrartröð 4 Hafnarfirði

HANNAÐ: Sveinbjörn Jónsson/Jón V Jónson ba.ark.

EFNI: Grunnmynd kjallara

MKV: 1:100

DAGS: 14.08.2015 NR: 02-06

UNDIRSKRIFT:


VERKFRÆÐISTOFAN möndull
Birkihlíð 8, 105 Reykjavík
Sími: 892-7991, kt: 591184-1139
Netfang: sveinbjorn@mondull.is



Útgefandi: Sveinbjörn Jónsson kt: 261254-7949
Uppdráttur þessi er útgefin af undirrituðum fyrir hönd eiganda höfundarréttar, Möndull ehf.
Eigi má með neinum hætti afrita uppdrátt þennan án skriflegs leyfis höfundar.